TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI Í FEBRÚAR 2025 MKV. 1:1000

Gildandi aðalskipulag Vesturbyggðar 2018 - 2035

SKÝRINGAMYND, 1:2000, sýnir hvernig göngustígur frá Þúfneyri tengist við hverfið Björgin

SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Nýr vegur
- Göngustígur
- Bílastæði
- Byggingarreitur
- Dvalarsvæði
- Lóðamörk
- Leiksvæði
- Flotbryggja
- Byggingar til skýringar
- Skráðar minjar (3575-001)
- Bílastæði
- Háspennulína
- Sæstrengur
- Rafmagnsstrengur
- Rotþró
- Gróður
- Stórgrýti
- Borð, bekkir og grill til skýringar
- Sorpflokkun
- Öryggisbúnaður

N

0 50m 100m

ÞÚFNEYRI – ÚTIVISTARSVÆÐI

FORSENDUR

Inngangur

Þúfneyri er lítil eyri austan við þéttbýli Patreksfjarðar og rétt vestan við gömlu hreppsmörkin við Altarisberg. Þúfneyri er þekkt fyrir að varðveita leifar af norsku flutningaskipi „Nora", sem strandaði við Geirseyrarbryggju og skolaðist hluti þess á Þúfneyri. Leifar skipsins eru nú horfnar. Á síðari árum hefur eyrin markað sér sess sem útivistarsvæði fyrir m.a. sjósund og annað vatnasport.

Staðarhættir

Eyrin sjálf er slétt en nokkuð bratt er niður að henni frá Barðar-strandarvegi (62) sem liggur fyrir ofan hana. Frá Barðarstrandarvegi liggur í dag vegslóði skáhalt niður á eyrina. Eyrin er að mestu grasigróin og tiltl tjörn er vestanvert í henni. Á austanverðri eyrinni er fingerð malarfjara. Þar hefur skapast hefð fyrir sjósund.

Í Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035 er svæðið skilgreint sem opið svæði, OP14 og um það segir: Svæðið er ætlað til útivistar með takmarkaðri umferð. Svæðið er nokkuð mikið notað undir vatnasport og sjósund og er heimiluðu uppbygging sem styður þá starfsemi. Frekari uppbygging komi fram í deiliskipulagi.

Orkubú Vestfjarða hefur verið úthlutuð lóð á eyrinni undir spennistöð fyrir landtengingu fóðurpramma fyrir laxeldi. Lóð þessi er staðsett ofarlega fyrir miðri eyrinni eins og sést á uppdrætti.

Minjar

Fornleifaskráning fyrir svæðið fór fram vorið 2026 af Atla Rúnarsyni. Alls voru sex minjar skráðar innan skipulagssvæðisins á Þúfneyri. Fjestar minjanmar tengjast skipalæginu við eyrina (3575-004). Telja má þurrabúð (3575-001) og matjurtagarð (3575-006) með í þeirri tengingu þar sem þær eru afleiðing af skipalæginu en hlutverk þess sem bjó í þurrabúðinni var að hafa eftirlit með skipunum. Einar minjar voru skráðar með ópekkt hlutverk, hleðsla (3575-002), en miðað við staðsetningu hleðslunnar, við fjöruborðið skjól megin á eyrinni, er ekki ólíklegt að hún tengist starfsemi við skipalægið á einhvern hátt. Ein heimild um skipsflak var skráð (3575-003), en það var norskt skip sem hét Nora. Það skemmdist við höfn á Geirseyri í slæmu veðri og var flutt þaðan yfir á Þúfneyri þar sem það strandaði endanlega. Ein gata var skráð (3575-005) en hana er að finna á Herforingjaráðskortum Dana sem voru gerð á árunum 1903 – 1915. Staðsetningu skráðra minja má sjá á uppdrætti hér til hliðar og ýtarlegri upplýsingar í töflu 1. hér að neðan.

Tafla 1

NR.	MINJAFLOKKUR	TEGUND	HLUTVERK	ÁSTAND	EASTINGS	NORTHINGS
3575-001	búsetuminnjar	tóft	hlöð	vel greinanlegar	271429.897	573651.845
3575-002	óskilgreind	hleðsla	óþekkt	vel greinanlegar	271496.816	573643.555
3575-003	sjóvarnivegsminnjar	heimild	farartæki	sést ekki	271465.208	573610.884
3575-004	sjóvarnivegsminnjar	heimild	skipalægi	heillegar	271494.656	573589.179
3575-005	samgönguminjar	gata	leið	vel greinanlegar	271323.680	573758.220
3575-006	landbúnaðarminjar	jarðrækt	matjurtagarður	vel greinanlegar	271374.857	573739.847

SKIPULAGSTILLAGA OG SKILMÁLAR

Markmið

Markmið deiliskipulagsins er að vinna skipulag að svæðinu til að móta stefnu þess hvað varðar uppbyggingu lóða, stiga, áningarstaða, bílastæðis, leiksvæðis o.fl. Þetta er gert til að vernda þá náttúru og dýralíf sem til staðar er á eyrinni og styðja á sama tíma við þá útivist sem skapast hefur þar.

Afmörkun skipulagssvæðis

Deiliskipulagssvæðið er alls um 7 ha að stærð og nær til eyrarinnar sjálfrar ásamt þar sem núverandi aðkomuvegur liggur, þar sem lagt er til að nýr aðkomuvegur verði og þess hluta Barðarstrandarvegar sem liggur fyrir ofan eyrina.

Aðkoma og stígar

Aðkoma að svæðinu er frá þjóðvegi 62 (Barðarstrandarvegi) sem er skilgreindur sem stofnvegur samkvæmt aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035. Í dag liggur aðkomuvegurinn austan megin við eyrina en deiliskipulagstillagan leggur til að hann verður færður vestan megin við hana. Aðkomuvegur er nægilega breiður og skal hafa nægt burðarþol til að neyðarbílar viðbragðsaðila komist með góðu móti niður á eyrina í neyðartilvikum.

Lagt er til að göngustígur verður lagður í hring um svæðið sem tengir saman bílastæði, dvalarsvæði/áningarsvæði, frístundalóðir og leiksvæði. Út frá hringstígnum liggur göngustígur upp hlíðina, samsíða aðkomuvegi og þaðan áfram í vesturátt alla leið að Björgunum.

Lega stíga er leiðbeinandi á uppdrætti og verða útfærðir nánar á hönnunarstigi.

Bílastæði

Aðkomuvegur liggur niður á eyrina. Til hliðar við tjörnina er gert ráð fyrir bílastæði fyrir 10 fólksbíla. Vegurinn heldur síðan áfram niður að þjónustuaðstöðu og dvalarsvæði en þar er bílastæði fyrir hreyfihamlaða ásamt fjórum fólksbílastæðum til að tryggja aðgengi fyrir alla.

Áningarstaður

Fyrir ofan malarfjöruna á austanverði eyrinni er gert ráð fyrir áningarstað. Þar má koma fyrir bekkjum og/ eða bekkjaborðum ásamt grillaðstöðu, upplýsingaskiltum um svæðið o.s.frv. Áningarsvæði skal vera aðgengilegt öllum. Á suðvesturhluta eyrarinnar er gert ráð fyrir minni áningarstað fyrir nestisaðstöðu eða borðum og bekkjum.

Þjónustuaðstaða

Til hliðar og ofan við stærri áningarstaðinn er staðsettur byggingarreitur fyrir þjónustuhús. Þjónustuhúsið skal innihalda salerni ásamt búningsaðstöðu fyrir 12 manns. Lóð áningarstaða og þjónustuhúss er 302 m² og hámarksbyggingarmagn er 150 m².

Útivistareitir

Innan skipulagssvæðisins eru átta útivistarlóðir sem ætlaðar eru fyrir smágerð mannvirki og aðstöðu í beinum tengslum við almenna útivist, sjósund og vatnasport. Fjórar lóðir eru sunnan megin á eyrinni, við stærri áningarstaðinn, og fjórar lóðir eru vestan megin, við göngustíg milli minni áningarstaðar og leiksvæðis.

A hverri lóð er heimilt að reisa eitt mannvirki, að hámarki 15 m² að grunnfleti. Heimil notkun mannvirkja er:

- gufubað og tilheyrandi búnings- eða skjólaðstaða;
- geymsla fyrir kajaka, sjósundsbúnað og annan útivistarbúnað;
- aðstaða fyrir starfsemi sem tengist með beinum hætti sjósundi, vatnasporti eða annarri útivist á Þúfneyri.

Óheimilt er að nýta lóðirnar eða mannvirki innan þeirra til gistingar, íbúðar eða sem hefðbundin frístundahús. Salernis- og almenn snyrtiaðstaða skal vera í þjónustuhúsi og ekki er heimilt að koma fyrir sjálfstæðum salerniseiningum á útivistarlóðunum.

Öll mannvirki skulu vera innan skilgreindra byggingarreita. Mannvirki skulu vera smágerð og lágreist og hafa samræmt yfirbragð hvað varðar form, efnis- og litaval. Þau skulu að jafnaði vera upphækkuð á stólpa-, staura- eða skrúfustaura-undirstöðum og skal lágmarksgólfkóti vera +[X,XX] m í hæðarkerfi Patrekshafnar.

Reitirnir eru 48- 64 m² og hámarksbyggingarmagn er 15 m² á hverri lóð.

Vakin er athygli á því að lóðir útivistareita og þjónustuhúss er það nærri sjó að sækja þarf um undanþágu frá skipulagsreglugerð og hafa samráð við Vegagerðina um ákvörðun lægstu gólfhæða bygginga samkvæmt 5.3.2.18 gr. skipulagsreglugerðar.

Harðfiskshjallar

Fyrir framan stærra bílastæðið verða fjórar lóðir fyrir harðfiskhjalla/ frístundahjalla. Hver lóð er 64m²en hámarksstærð hjalla er 15m².

Harðfiskhjallar skulu vera einföld timburmannvirki og taka mið af hefðbundnu formi og hlutföllum íslenskra fiskhjalla. Timbur skal vera ómeðhöndlað, dökkbæsað eða í dempuðum náttúrulit. Hjallarnir skulu mynda samræmda röð og hafa sambærilegt form, hæð og efnisval.

Leiksvæði

Sunnan við vatnið er gert ráð fyrir leiksvæði. Leiksvæðið er tæplega 300 m². Vestan við leiksvæðið er gert ráð fyrir gróðri til skjólmyndunar.

Stórgrýti

Gert er ráð fyrir stórgrýti á nokkrum stöðum á eyrinni sem nýtist bæði til leiks og á sumum stöðum sem hindrun fyrir umferð.

Lýsing

Öll lýsing á Þúfneyri skal vera lágstemmd til að forðast ljósmengun.

Ásýnd og hönnun mannvirkja

Öll mannvirki á Þúfneyri skulu mynda samræmda heild og falla vel að opnu strandsvæði, náttúrulegu landslagi og sögulegum einkennum eyrarinnar. Hönnun skal vera látlaus og byggja á einföldum formum, hóflegu byggingarmagni og takmörkuðu raski á landi.

Mannvirki skulu vera einnar hæðar. Mænishæð eða hæsti punktur þaks skal ekki vera meiri en 3,5 m frá fullfrágengnu gólfi. Þök skulu vera einföld einhalla eða tvíhalla þök og þakhalli að hámarki 45°. Við byggingarleyfisumsókn skal jafnframt sýna heildarhæð mannvirkis frá náttúrulegu yfirborði lands að hæsta punkti þaks, að teknu tilliti til upphækkunar vegna lágmarksgólfkóta.

Litir skulu vera dökkir eða dempaðir náttúrulitir, svo sem grár, brúnir, dökkgrænir eða svartir tónar. Þök skulu vera dökk og mött. Óheimilt er að nota bjarta, skæra eða glansandi liti og endurskinsmikil efni sem geta orðið áberandi í landslaginu.

Teknibúnaður, lagnir, sorpílát og annar búnaður skulu felld inn í hönnun mannvirkja eða staðsettur þannig að hann verði sem minnst áberandi. Ekki er heimilt að koma fyrir lausum gámum eða sambærilegum geymslueiningum á útivistarlóðunum eða við þjónustuhús.

Lágsvæði

Lágmarkskóti fullfrágengins gólfs lokaðra mannvirkja skal vera +[X,XX] m í hæðarkerfi Patrekshafnar, sem samsvarar +[X,XX] m í ISH2004. Kótinn byggist á mati á sjávarflóðahættu, hækkun sjávarstöðu og staðbundnu öldulagi og hefur verið ákvarðaður í samráði við Vegagerðina.

Mannvirki skulu að jafnaði vera upphækkuð á stólpa-, staura- eða skrúfustaura-undirstöðum þannig að náttúrulegt landhæð og rennsli sjávar undir mannvirkin haldist eins og kostur er. Ekki er heimilt að loka rýminu undir mannvirkjum eða nýta það sem geymslu- eða tæknirými.

Burðarvirki og undirstöður skulu hönnuð með tilliti til öldulags, ágjafar, rofs og hugsanlegs undanþvottar. Raflagnaður, teknibúnaður og viðkvæmir hlutar vatns- og fráveitukerfa skulu vera ofan skilgreinds lágmarkskóta eða varðir sérstaklega gegn flóðum. Endanleg hæðarsetning og grundun skal staðfest við hönnun og byggingarleyfisumsókn.

Veitur og fráveita

Allt skólp skal leitt í sameiginlega rotþró og þaðan í viðurkennda siturlögn eða annað samþykkt hreinsikerfi. Áður en fráveitulausnin er samþykkt skal liggja fyrir athugun á jarðvegsgerð, lekt, grunnvatnsstöðu, flóðahættu og fjarlægð frá sjó og tjörn. Fráveitulausnin skal hönnuð af til þess bærum aðila og samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða.

Neysluvatn fyrir þjónustuhús og önnur vatnstengd mannvirki skal fengið með tengingu við vatnsveitu Vesturbyggðar. Endanleg lega og stærð lagnar skal ákveðin í samráði við umsjónaraðila vatnsveitu.

Salernis- og almenn snyrtiaðstaða skal vera í þjónustuhúsi. Ekki er heimilt að koma fyrir sjálfstæðum salernum á útivistarlóðum. Gufubað og önnur mannvirki á útivistarlóðunum skulu annaðhvort vera án rennandi vatns eða tengd sameiginlegu vatns- og fráveitukerfi svæðisins.

Endanleg hönnun fráveitu, stærð safntanks, lagnaleiðir og fyrirkomulag tæmingar skulu liggja fyrir við byggingarleyfisumsókn og hlýta samþykki Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða áður en mannvirki eru tekin í notkun.

Áhrifamat

Deiliskipulagið er talið hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Verið er að bæta aðstöðu fyrir útivistarfólk sem notar svæðið og á sama tíma að vernda svæðið fyrir óþarfa átroðningi með því að beina fólk inn á gönguleið um svæðið. Með þessu er verið að ýta undir jákvæð samfélagsleg áhrif með bættu aðgengi að útivist. Auknum útivistarmöguleikum með stígagerð, áningarstöðum, þjónustuhúsi, frístundahúsum, hjöllum og leiksvæði. Áhrif á svæðið eru óveruleg eða jákvæð því að eins og staðan er í dag keyra bílar lengra inn á eyrina. Verið er því að vernda ákveðin svæði á eyrinni með því að koma fyrir bílastæði ofarlega á henni og göngustígum sem leiða umferð gangandi um svæðið og á sama tíma fær hún meira notagildi og stuðlar að jákvæðri samfélagsþróun fyrir svæðið.

Samráð og kynning

Skipulags- og framkvæmdaráð Vesturbyggðar leggur til við heimastjórn Patreksfjarðar að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 27.03.2026.

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá 20.04.2026 til 01.09.2026. Engar athugasemdir bárust en umsagnir bárust frá eftirfarandi aðilum:

- Náttúruverndarstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Slökkviliði Vesturbyggðar og Tálknafjarðar
- Náttúrufræðistofnun
- Eftirfarandi breytingar voru gerðar á deiliskipulaginu eftir auglýsingu m.a. til að bregðast við athugasemdum sem komu fram í umsögnum.
- Bætt var við texta um aðkoma, þar sem áhersla var lögð á aðgengi og burðarþol.
- Bætt var við kafla um minjar þar sem nú lág fyrir skýrsla um skráningu minja.
- Minjum bætt inn á uppdrátt.

Byggingareitir og stígar færðir til að vernda minjar.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi viðákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt
í _____ þann _____ 20__ og
í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

_____

BR	DAGS: 10.07.2026	FÆRSLA Á BYGGINGAREITUM OG AÐLÖGUN STÍGA AÐ SKRÁÐUM MINJUM
BR	DAGS: 23.06.2026	MINJAR STAÐSETTAR RÉTT Á UPPDRÁTT OG GREINAGERÐ UPPFÆRÐ

TEIKN. EP

VESTURBYGGÐ
VERKHAUP - HEIMILISFANG - SÍMI

LANDMÓTUN sf. HAMRABORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - S: 575 5300 - KT. 561204-2760 NETF: landmotun@landmotun.is

ÞÚFNEYRI

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - SKÝRINGARUPPDRÁTTUR	SKIPULAG: ÓÖG, EP TEIKNAÐ: EP SAMÞYKKT: KT:
KVARÐI 1: 1000 / 1:200 A1	KÓPAVOGUR — DAGS: 17.09.2026
VERKNR.	TEIKN. NR. BR.
DU2502	01